

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/1522  
komudagur 30.3.2009

## Iðnaðarráðuneyti

### Minnisblað

Viðtakandi: Iðnaðarnefnd Alþingis  
Sendandi: Andrés Svanbjörnsson  
Dagsetning: 30.03.2009  
Málsnúmer: IDN07060007  
Bréfalykill: 32.130

Efni: Skýrsla HHÍ um áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf

Á s.l. ári fól iðnaðarráðuneytið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að leggja hagrænt mat á áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf. Rannsóknin skyldi beinast að því að bregðast við ítrekuðum ábendingum og athugasemdum í skýrslum OECD um íslensk efnahagsmál. Þar er m.a. bent á tímasetningar stóriðjuframkvæmda og að ekki sé tekið nægilegt tillit til hagstjórnar þegar ákvarðanir eru teknar um slíkar framkvæmdir. Nauðsynlegt sé að mati OECD að skoða þátt áls í utflutningi, mikilvægi útflutningsins og sveifluáhrif í hagkerfinu auk þess að veða kostnað og ábata af aukinni álframleiðslu fyrir hagkerfið í heild.

Efnahagshrunið á Íslandi s.l. haust veldur því að allar forsendur breyttust fyrirvaralítið og þurfti að vinna tölfraeðilegt mat að nýju. Skýrslunni hefur því seinkað, en stefnt er að því lokið verði við hana á næstu vikum.

Nokkrar almennar niðurstöður liggja þó fyrir :

- Tímasetningar frekari fjárfestinga í stóriðju skipta höfuðmáli hvað varðar hagstjórn. Vel tímasettar framkvæmdir geta jafnað hagsveiflur á Íslandi en illa tímasettar framkvæmdir geta aukið þjóðahagslegan óstöðugleika.
- Uppbyggingu áliðnaðar fylgja jafnan framkvæmdir við virkjanir. Áhrifin á jafn lítið hagkerfi og hið íslenska eru mikil. Rök eru færð fram fyrir því að tímasetningar slíkra framkvæmda hafi í fortíðinni verið góðar, þar sem þær hafi unnið á móti slaka í hagkerfinu, að undanskildum framkvæmdum við Fjarðaál og stækkun Norðuráls, sem féllu saman við óvænta þenslu í hagkerfinu af öðrum orsökum..
- Niðurstöður tölfraeðirannsókna benda til þess að náttúrulegt atvinnuleysi, þ.e. það atvinnuleysi sem fer saman við stöðuga verðbólgu, sé um 3%. Við það atvinnuleysisstig er hvorki þensla né slaki á vinnumarkaði, heldur ríkir jafnvægi. Miklum framleiðsluslaka er spáð í hagkerfinu á næstu missirum. Skráð atvinnuleysi í febrúar 2009 reyndist vera 8,2% og spáð að það muni aukast enn frekar þegar líður á árið 2009 og er því nú þegar komið langt yfir jafnvægisatvinnuleysi í fyrsta skipti í langan tíma
- Gott svigrúm er til stórframkvæmda á árunum 2009-2011 þar sem slaki verður í hagkerfinu á þessu tímabili að öðru óbreyttu. Sökum aukinnar þátttöku innlands verkafólks munu auknar framkvæmdir ekki valda miklum usla á vinnumarkaði. Þá má búast við jákvæðum áhrifum á gengi íslensku krónunnar og að auknar framkvæmdir valdi því að vextir verði hærrí en ella.
- Með opnun íslensks vinnumarkaðar með þátttöku á Evrópska efnahagssvæðinu hefur

sífelld stærri hluti þess vinnuafis sem þarf við framkvæmdirnar komið erlendis frá. Það hefur aftur dregið úr þrýstingi á innlendum vinnumarkaði á framkvæmdatímum. Þannig má segja að með auknum innflutningi vinnuafis sé hægara um vik nú en áður að ráðast í slíkar framkvæmdir óháð ástandi á vinnumarkaði á hverjum tíma .

- Löngum réðust hagsveiflur á Íslandi af atkomu sjávarútvegs en hlutfallslegt vægi hans hefur farið minnkandi frá því uppúr miðri síðustu öld. Sama gildir um landbúnað. Á sama tíma hefur vægi lönaðar og annarrar framleiðslu aukist. Þar munar mest um álframleiðslu og annan orkufrékan lönað. Álframleiðsla hér á landi einkennist af miklum stöðugleika í framleiðslumagni þar sem framleiðslugeta verksmiðjanna er nánast alltaf fullnýtt. Sveiflur í þessum lönaði eiga mun oftast rætur sínar að rekja í verði áls, sem aftur ræðst af framboði og eftirspurn á alþjóðamörkuðum. Sökum stöðugleika í greininni hefur álframleiðsla á Íslandi virkað sveiflujafnandi fyrir hagkerfið og útflutning þess.
- Miklar sviptingar hafa verið á álörkuðum undandarna mánuði í kjölfar efnahagsþróunar í heiminum. Álverð hefur lækkað umtalsvert frá því sem var á fyrrihluta 2008. Ráðgjafarfirmið CRU International Ltd. spáir því, að eftirspurn eftir áli mun aukast um leið og efnahagur á vesturlöndum fer batnandi og ná fyrri vexti á ný. Því er jafnframt spáð að eftirspurn eftir nýjum málmum muni tvöfaldast á næstu 20 árum. Langtímaspá um meðalverð á áli er góð að mati CRU eða vel yfir 3.000 Bandaríkjadallir/tonn fyrir árin 2013-2030.
- Fyrri rannsóknir hafa leitt að því líkum að sveiflujafnandi áhrif aukins álútflutnings séu lítil og jafnvel sveifluaukandi. Í skýrslunni er reynt að skoða þessi mál enn á ný og sérstaklega er horft til áhrifa þess að orkufyrirtækin notast í æ ríkarí mæli við áhættuvarnir hvað varðar álverð, þar sem orkuverð er beintengt við þróun álverðs. Sé það gert kemur í ljós að sveiflujafnandi áhrif á útflutningsverðmæti sökum aukinnar álframleiðslu til langs tíma lítið eru mun meiri en áður var talið.